LISTASAFN REYKJAVÍKUR – ÁSMUNDARSAFN



# KÚLAN / THE DOME / 2003

Tumi Magnússon 16.1–16.2

Finnbogi Pétursson 27.2–30.3

Eygló Harðardóttir 10.4–11.5







## Tumi Magnússon um KÚLUNA

„Kúlan er mjög sérstakt og um leið fallegt rými. Ég varð strax spenntur fyrir því að vinna verk inn í hana. Af því að rýmið er kúlulaga verður það að vissu leyti endalaust, engin horn eða loftlína til að negla það niður. Hljómburðurinn er mjög sérstakur. Hann minnir á hljómburðinn í Pantheon í Róm þó að þar sé hann magnaðri af því að þar er rýmið er stærra.
Undanfarin ár hef ég unnið málverk og ljósmyndir sem hluta af rými.
Mér fannst gaman að hugsa verk inn í Kúluna, en um leið nokkuð krefjandi enda má segja að hún sé verk í sjálfu sér. Rýmið og hljómburðurinn verða ein upplifun. Það þýðir ekki að keppa við það, það verður að vinna með því og nýta sér eiginleika þess.
Ég hef alltaf haft áhuga á hljóði og þó að ég hafi ekki sýnt hljóðverk hef ég gert tilraunir með það og skissur að verkum. Það er hljóð í videoverkinu sem ég sýni í Kúlunni og ég vonast til að geta nýtt mér hljómburðinn til að láta það heyrast úr öllum áttum en það á eftir að koma í ljós. Ég vildi prófa að vinna með myndband – takast á við nýja hluti í þessu óvenjulega rými. Ég hef þó gert myndbönd áður, en ekki sýnt þau ennþá. Verkið sem ég sýni núna er unnið í náinni tengingu við rýmið. Að vissu leyti er það eins og málverk. Málaravideó. Í raun er það bara litir sem birtast við mjög hversdagslega athöfn – það að drekka. Um leið er það gluggi."

## Tumi Magnússon on THE DOME

"The Dome is a very extreme and at the same time, beautiful space. I found it exciting right away to make a piece for it. Because it is domed it becomes endless in a way, with no ceiling or corners to pin it down. Its acoustics are very special. I'm reminded of the acoustics of the Pantheon in Rome although there they are amplified because the space is bigger. In recent years I have been making site-specific paintings and photographs.
I liked doing this piece for the Dome but it was challenging as well; you could say it's a work in its own right. The acoustics and the space become a single experience. There's no point in competing with it, you must work with it and take advantage of its attributes.
I've always been interested in sound and although I haven't exhibited any actual soundworks, I have experimented with sound and made sketches for works. There is sound in the videopiece I am doing for the Dome and I'm hoping I'll be able to use the acoustics so that the sound will be heard from all directions but it remains to be seen. I wanted to try working with video – to show new things in this unusual space. I have made videos before but haven't exhibited any yet. The work I am exhibiting now is done specifically for this space. In a certain respect it's like a painting. A painter's video. It's really as simple as colours that appear through a very ordinary act – that of drinking. At the same time it's a window."





## Finnbogi Pétursson um KÚLUNA

„Ég kom fyrst í Kúluna 1978 eða 9. Ég var þá að taka auglýsingu eða vinna eitthvað í safninu. Á meðan ég var þar var hringt í mig. Síminn var þá uppi í Kúlunni. Ég fór upp og tók símann og stóð í miðju rýminu á meðan ég talaði. Þegar maður gengur inn í parabóluna í Kúlunni miðri magnast allt upp – hvert smáhljóð, jafnvel andardráttur manns endurkastast til manns. Ég hafði aldrei upplifað neitt slíkt áður. Manneskjan sem ég var að tala við varð líka vör við þetta í gegnum símann.
Ég hef oft hugsað um þessa upplifun og velt fyrir mér hegðun hljóðsins í þessu ákveðna rými.
Verkið sem ég sýni núna er í raun framhald verksins Hringur sem ég sýndi í Nýlistasafninu 1991. Þá lýsti ég með ljóskastara á yfirborð vatns og speglaði yfirborðinu á vegg. Núna lýsi ég neðan frá, í gegnum vatnið og magna gárurnar í yfirborði þess. Um leið og vatnið fer af stað verður yfirborð þess sýnilegt í lofti Kúlunnar. Í stöplinum sem vatnsskálin stendur á í miðju rýminu er hljóð sem kemur hreyfingu á vatnið. Fjórir lágtíðnihátalarar varpa sinus tónum upp í hvelfinguna sem ég nota til að safna hljóðbylgjunum saman í einn punkt í skálinni. Það sem gerist er að hljóðið myndgerist í vatninu og ljósið undir skálinni varpar skugga þess í loftið. Þetta er rökrétt framhald af verkum mínum síðustu árin. Ég hef verið mjög upptekinn af því að myndgera hljóð en fram að þessu hefur myndgervingin fyrst og fremst átt sér stað í huga áhorfandans."

## Finnbogi Pétursson on THE DOME

"I first visited the Dome in 1978 or 9. I was doing a commercial or some job at the museum. While I was there, I had a phonecall. The phone was in the Dome at the time. I went upstairs, picked up the phone and stood talking in the centre of the room. When you walk into the parabola in the Dome's centre everything is magnified – every sound, even your breath is echoed back. I had never experienced anything like it before. The person on the other end heard it through the phone as well.
I've often thought about this experience and the behaviour of the sound inside that space.
The work I'm showing now is actually the sequel of the work Circle which I showed at the Living Art Museum in 1991. Then I lit up a water surface and projected it onto a wall. This time I've lit the water from below and magnified the ripples on its surface. When the water starts moving, its surface becomes visible on the domed ceiling. There is a sound inside the column in the middle of the space which gets the water moving. Four low-frequency speakers project sinus tones into the dome which I then use to collect the soundwaves into one dot in the waterbowl. The sound takes form on the water's surface and the light underneath it casts its shadow onto the ceiling. It's a logical continuation of the work I've been doing in the past. The visualisation of sound has preoccupied me for a long time but until now it has mostly taken place in the viewer's mind."









## Eygló Harðardóttir um KÚLUNA

„Þegar ég velti Kúlunni fyrir mér fannst mér rýmið bjóða upp á að því væri skipt í mismunandi hlutföll út frá grunnfletinum. Hugmyndin er komin frá svarthvítri teikningu Isaacs Newtons af litrófi sýnilegs ljóss sem hann teiknaði í átta lita litahring. Ég einfaldaði þessa hugmynd út frá hlutföllum Kúlunnar og ákvað að byggja fjóra veggi sem stæðu inn í rýmið. Veggirnir eru tvívíðir miðað við hvolf Kúlunnar, virkja rýmið inn á við og bjóða upp á myndrænt innihald. Veggirnir eru hlaðnir úr einangrunarplasti sem mér fannst vera eina efnið sem kom til greina að nota. Efnið varð að vera gljúpt á móti aðhaldi kúluformsins. Bygging Ásmundar er tenging við annan heim en þann sem við höfum oftast fyrir augunum í íslenskri byggingarlist.
Þegar staðið er inni í Kúlunni er lítið jarðsamband; þegar horft er út um gluggana þarf að hafa meira fyrir því að sjá niður á við en upp á við. Þannig er skynjun áhorfandans háð aðstæðum hans. Það er eins og að vera staddur inni í risaauga að vera inni í Kúlunni og horfa út um gluggana. Sjónrænt býr Kúlan yfir mikilli mýkt. Mér fannst verkið þurfa að búa yfir einhverri óreiðu, stjórnleysi sem mótvægi við mýktina. Innihald verksins er huglægt, útgangspunkturinn er m.a. hús, táknmynd mannshugans sem birtist oft í draumum og tengist ástandi manneskjunnar hverju sinni.
Myndmál verksins er tekið úr nútímanum, t.d. fréttamyndir síðustu mánaða sem skapa heimsmynd okkar, táknmyndir sem hafa þyngdarsvið myndrænnar hugsunar og eru áhrifavaldar í lífi okkar."

## Eygló Harðardóttir on THE DOME

"When I thought about the Dome I felt that the space could be divided into different proportions based on the surface area. The idea comes from a black and white picture of the spectrum of visible light by Isaac Newton, which he drew in an eight-colour colour-circle. I simplified this idea to fit the proportions of the Dome and decided to build four walls that would stand into the space. The walls are two-dimensional with regard to the concavity of the Dome; they activate the space internally and offer visual content. The walls are made from insulation material which was the only material I felt was appropriate. The material had to be permeable in contrast to the strong form of the Dome. Ásmundur's structure is a connection to another world than the one we usually see in Icelandic architecture.
When you stand inside the Dome there is not much connection to the ground; when you look out the windows you need to strain more to look down than to look up. The viewer's perception is thus related to his circumstances. To stand inside the Dome and look out the windows is like being inside an enormous eye. Visually, the Dome has immense softness. I felt the work needed some kind of chaos or anarchy to counteract this softness. The content of the work is subjective, the basis is i.a. the house - a symbol of the human mind that appears frequently in dreams and is connected to the state of the person at each given time. The imagery of the work is taken from the present, such as press photos from the past months that mould our view of the world, images that have gravitational fields of visual thought and influence our lives."



**Tumi Magnússon**
**1957** fæddur / born Reykjavík
Býr og starfar í Reykjavík / Lives and works in Reykjavík

**Valdar einkasýningar / Selected Solo Exhibitions:**
**2003** The Balcony, Toronto, Canada / "Kúlan/The Dome", Ásmundarsafn/The Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum **2001** Window Space, Copenhagen / Ketilhúsið, Akureyri **2000** Gallery Sævar Karl, Reykjavík **1997** 20m2, Reykjavík / Gallery i8, Reykjavík **1996** Nýlistasafnið/The Living Art Museum, Reykjavík / Gallery Gúlp, Reykjavík / Slunkaríki, Ísafjörður, Iceland **1995** Ásmundarsalur, Reykjavík **1994** Gallery Sævar Karl, Reykjavík **1992** Nýlistasafnið/The Living Art Museum, Reykjavík **1991** Gallery Augusta, The Nordic Art Centre, Helsinki / Gangurinn/The Corridor, Reykjavík / Kunsthaus-Centre PasquArt, Biel, Switzerland / Gallery Lång, Malmö, Sweden

**Valdar samsýningar / Selected Group Exhibitions:**
**2002** "Don", Marfa, Texas / "Icelandic Photographs", House of Photography, Moscow **2000-2001** "Carnegie Art Award", various museums in the Nordic Countries **2000** "Red Shift" Kjarvalsstaðir, Reykjavík and Centrum Beeldende Kunst, Rotterdam / „Árátta", Kópavogur Art Museum **1999-2000** "Red Shift", Kjarvalsstaðir, Reykjavík / CBK Tent, Rotterdam / Trapholt Museum, Kolding, Denmark / Helsinki Konsthall, Finland **1999** "Herdeg, Magnússon, Signer, Tagwerker", haus bill, Zumikon, Switzerland **1997** "Display", Charlottenburg, Copenhagen **1994** The Sao Paulo Bienniale, Brazil (Prize for best contribution) **1991** "Kunst aus Island", Kunstverein, Köln

---



**Finnbogi Pétursson**
**1959** fæddur / born Reykjavík
Býr og starfar í Reykjavík / Lives and works in Reykjavík

**Valdar einkasýningar / Selected Solo Exhibitions:**
**2003** "Kúlan/The Dome", Ásmundarsafn/The Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum **2002** Orchard Gallery, Derry, N-Ireland **2002** Listasafn Íslands/National Gallery of Iceland / Gothenburg Konstmuseum, Gothenburg, Sweden **2001** Feneyjatviæringurinn/La Biennale di Venezia **1999** Gallery i8, Reykjavík **1997** "Sjónþing F.P.", Gerðuberg & Sjónarhóll, Reykjavík

**Selected Group Exhibitions:**
**2002** Listasafn Reykjavíkur/Reykjavík Art Museum / Camp Höfn, Hornafjörður, Iceland / Nýlistasafnið/Living Art Museum, Reykjavík / Roda Sten, Gothenburg, Sweden **2001** Corcoran Gallery of Art, Washington D.C., USA / Camp Lejre, Lejre, Denmark / Goteborg Biennale, Gallery 54, Gothenburg / SculptureCenter, New York **2000** Listasafn Íslands/ National Gallery of Iceland / Vatnajökull, Höfn, Hornafjördur, Iceland **1999** Galerie Michael Sturm, Stuttgart / Galerie Schüppenhauer, Cologne / Galleri Stefan Andersson, Umeå, Sweden / Galerie Artek, Helsinki / Centre Régional D'Art, Sète, France **1998** Musée d'Art Moderne de la Ville de Paris / Nýlistasafnið/The Living Art Museum, Reykjavík / "Memorian Exhibition of Dieter Roth", Seyðisfjörður, Iceland / Listasafn Íslands/ National Gallery of Iceland

**Art Fairs:**
**2001** Art Brussels, Gallery i8, Brussels **2000** Art Cologne, Gallery i8, Cologne / Arco, i8 galleri, Madrid **1999** "The Volcano Gate", ARCO, Gallery i8, Madrid **1999** "The Volcano Gate", STHLM Art Fair, Gallery i8, Stocholm

---



**Eygló Harðardóttir**
**1964** fædd / born Reykjavík
Býr og starfar í Reykjavík / Lives and works in Reykjavík

**Valdar einkasýningar / Selected Solo Exhibitions**
**2003** "Kúlan/The Dome", Ásmundarsafn/The Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum **2002** "Skynjanir sem sýnast/Perceptions That Appear To Be", Nýlistasafnið/The Living Art Museum, Reykjavík / The National and University Library of Iceland / Listasafn Borgarness/Borgarnes Museum of Art, Iceland **1999** Slunkaríki, Ísafjörður **1998** Nýlistasafnið/The Living Art Museum, Reykjavík **1996** Gallerí +, Akureyri **1995** Gallerí Sævars Karls, Reykjavík / Slunkaríki, Ísafjörður **1994** Nýlistasafnið/The Living Art Museum, Reykjavík

**Valdar samsýningar / Selected Group Exhibitions**
**2002-2003** "20 Years of Icelandic Art", National Gallery of Iceland **2000** "Landart Rauðavatn", Reykjavík European City of Culture 2000 / "Strandlengjan/The Coastline 2000", Reykjavík European City of Culture 2000 **1999** „Land", Art Museum of Árnessýsla, Iceland **1998** "Nýlistasafnið 20 years" Nýlistasafnið/Living Art Museum, Reykjavík **1997** „Portmyndir", exhibition in alleys, by main shopping street in Reykjavík **1996** „Tukt", Síðumúlafangelsi, exhibition in newly deserted jailhouse, Reykjavík **1995** „Einskonar hversdagsrómantík", Reykjavík Art Museum / Nýlistasafnið/The Living Art Museum, Reykjavík **1993** Hafnarborg, Hafnarfjörður, Iceland